

Nr. 032 / 12 Bæjarfell RE 65***Fær í skrúfunu og dregið til hafnar***

Skipaskr.nr. 6487
 Smíðaður: Reykjavík 1982 plast
 Stærð: 7,8 brl. 7 bt.
 Mesta lengd: 9,24 m Skráð lengd: 9,15 m
 Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,67 m
 Vél: Perkins 57 kW 2005
 Fjöldi skipverja: 3



Bæjarfell ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 28. mars 2012 var Bæjarfell RE 65 á siglingu skammt vestur af Akurey á Kollafirði. Veður: V NV 4-6 m/sek.

Báturinn var á siglingu á miðin til grásleppuveiða þegar eitthvað lenti í skrúfunni svo skrúfuöxull fór í sundur. Báturinn var fastur í tógi sem flaut í yfirborðinu og hringdi skipstjóri í 112 og bað um aðstoð.

Björgunarbáturinn Halla Jónsdóttir var send Bæjarfelli RE til aðstoðar og dró það til hafnar.



Vinnusvæðið (rauði hringurinn) og ferill bátsins

Við rannsókn kom fram:

- að eftirfarandi tilkynning til sjófarenda var send út á tíðnum strandstöðva: „Hafnarsvæði Reykjavíkur. Vegna neðansjávarvinnu 0,45 sml 280°vestur frá Akurey á stað 64°10,5'N og 21°59,15'V eru skip og bátar beðnir um að fara ekki nær staðnum en 0,25 sml.“ Tilkynning þessi var send út af VSS á þeim tímum sem unnið var við framkvæmdina eða til 23. febrúar;
- að skipstjóri Bæjarfells RE sagðist hafa vitað af þessari vinnu fyrr um veturinn. Hann sagðist ekki hafa séð neina hættu en þegar hann var að

- reyna að losa tógið úr skrúfunni hafi hann séð fleiri álíka tóg með nótakorki í enda og flaut tógið „um allan sjó því yfirvarp var svo mikið“;
- að forstjóri köfunarfyrirtækisins sagði að framkvæmdir hafi legið niðri um tíma vegna veðuraðstæðna. Svæðið hafi verið lýst bannsvæði af Vaktstöð siglinga og auglýst til sjófarenda sem slíkt. Það hafi því verið óheimilt að sigla þarna um enda utan siglingaleiða. Hann sagði að svæðið hafi verið markað af fjórum akkerum en nælontóg lá frá hverri niðurstöðu upp í flot;
 - að köfunarfyrirtækið sendi stjórnstöð LHG skriflega tilkynningu þann 4. febrúar 2012 með beiðni um að loka umræddu svæði. Í beiðninni kom m.a. fram að „Tímalengd verksins er m.a. háð veðri og ölduhæð en stjórnstöð LHG og hafnsögumönnum Faxaflóahafna verður tilkynnt um verklok þegar öll legufæri og tóg hafa verið fjarlægð af verkstað.“ Framkvæmdaaðili hafði samband við Vaktstöð siglinga þann 17. apríl 2012 og tilkynnti um verklok;
 - að samkvæmt upplýsingum LHG voru tilkynningar lesnar fjórum sinnum á sólarhring frá því í byrjun febrúar og til 10. s.m. Þá höfðu varðstjórar tekið eftir því að vinna hefði legið niðri á svæðinu í nokkurn tíma og ákveðið var að lesa tilkynninguna aðeins þegar verið væri að kafa á svæðinu því ekki var talin ástæða til að vera að vara sjófarendur við neðansjárvinna sem ekki var í gangi. Þann 20. febrúar urðu varðstjórar varir við að vinna var í gangi á svæðinu og höfðu þeir samband við verktakann sem taldi að hann lyki verkinu fimmtudaginn 23. febrúar. Vaktstöð siglinga ákvað þá að lesa tilkynninguna upp einu sinni á dag í hádeginu til 23. febrúar og þá einungis á íslensku;
 - að verktaki var að vinna við skolpfráveitu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Eigandi hafði hvorki sótt um framkvæmdaleyfi til Faxaflóahafna (Reykjavíkurhafnar) né gert verktaka skylt að sjá um það. Faxaflóahafnir gera ekki kröfur þar um þegar framkvæmdir eru á hafsvæði hennar nema um stærri framkvæmdir á og við skilgreindar siglingaleiðir og gerir ekki sérstakar kröfur um merkingu svæðisins;
 - að þegar köfun og neðansjárvinna stendur yfir með fljótandi fari á yfirborði er skylt að merkja staðinn samkvæmt alþjóða siglingareglum. Ef framkvæmdir liggja niðri en sæfarendum getur stafað hættu af framkvæmdarsvæðinu og ekkert fljótandi far er á yfirborði með tilheyrandi merkingum á að merkja hættu- eða varúðarsvæðið samkvæmt „Kerfi A“ með gulum ljósduflum;
 - að framkvæmdaraðila eða verktaka hans ber að tilkynna hættu-eða varúðarsvæðið þar sem það getur haft áhrif á siglingar eða fiskveiðar;
 - að skemmdir á Bæjarfellinu voru þær að skrúfuöxullinn dróst út úr öxultengi svo hann dróst aftur en fór ekki aftur úr stefnislegunni því skrúfan stöðvaðist á stýrinu.

Nefndarálit:

Nefndin telur ástæður óhappsins vera ófullnægjandi tilkynningar og merkingar til sjófarenda á vinnusvæði.